

Aðalfundur - Foreldrafélag Heiðarskóla

Mættir voru á aðalfundinn úr stjórn foreldrafélagsins: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Arnar Stefánsson, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson og Helga Erla Albertsdóttir.

Heiðarskóli 23. maí 2017 kl. 20:00. Aðalfundur

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Skýrsla stjórnar
5. Skýrsla gjaldkera
6. Lagabreyting á lögum félagsins
7. Kosning til stjórnar og skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

1. Fundur settur

Fundur var settur af formanni foreldrafélagsins Kristjáni Geirssyni.

2. Kosning fundarstjóra

Arnar Stefánsson var kosinn fundarstjóri.

3. Kosning fundarritara

Helga Erla Albertsdóttir var kosin fundarritari.

4. Skýrsla stjórnar

Kristján formaður fór yfir ársskýrsluna og var það með hefðbundnu sniði eins og fyrri ár.

Skýrsla foreldrafélagsins var eftirfarandi:

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla haldinn þriðjudaginn 23. maí kl. 20 á sal Heiðarskóla.

Starf Foreldrafélags Heiðarskóla er með mjög hefðbundnu sniði á milli ára. Hlutverk og verkefni í mjög mótuðu formi og þar inni fastir liðir sem foreldrafélagið kemur að á milli ára.

Stjórn foreldrafélagsins heldur stjórnarfundu einu sinni í mánuði eða fyrsta mánudag í mánuði kl. 20. Fundir haldnir í Heiðarskóla og standa öllu jöfnu í 45 mínútur. Stjórnarmenn voru einnig duglegir að senda sín á milli tölvupósta ef það voru einhver mál sem komu upp og þurfi að ræða frekar, taka ákvörðun og/eða samþykka. Foreldrafélagið er einnig með fésbókarhóp stjórnarmanna.

Helstu verkefni foreldrafélagsins eru fyrirlestrar, kynningar, fræðsla, styrkir til skólans og nemenda, gjafir til skólans og nemenda, samráðsfundir með skólaráði, samráðsfundir formanna hjá FFGÍR, jólaföndur og Heiðarleikar/sumarhátíð skólans svo eitthvað sé nefnt.

Foreldrafélagið er með tvo fulltrúa í skólaráði en það eru þau Arnar Stefánsson og Ragnheiður Garðarsdóttir og hafa þau sótt fundi ráðsins. Á þessu skólaári voru haldnir 3 fundir í skólaráði.

Formaður foreldrafélagsins situr fundi FFGÍR ásamt formönnum hinna foreldrafélagana í grunnskólum í Reykjanesbæ. Góður samráðsvettvangur því þar er hægt að samræma og sameinast um ákveðin verkefni sem ætluð eru öllum grunnskólum í Reykjanesbæ.

Að hafa fulltrúa FFHS á fundum í skólaráði og eins FFGÍR er mjög jákvætt því þarna myndast tengsl við aðra fulltrúa í hinum foreldrafélögum og eins fulltrúa skólaráðs því þá eru allir meðvitaðir um hvað standi til og eins hvað önnur foreldrafélög eru að vinna að og eins skiptast aðilar á hugmyndum sem geta nýst öllum. Foreldrafélögin hafa einnig í samstarfi við FFGÍR verið með sameiginlega fyrirlestra eða kynningar sem í boði hafa verið fyrir börn og foreldra barna í Reykjanesbæ. Með þessum hætti hafa foreldrafélögin jafnvel getað sameinast um þann kostnað þegar aðkeyptir aðilar hafa verið fengnir til að koma með erindi í grunnskóla hér í bæ. Í þessu samhengi má nefna fyrirlestur Vöndu Sigurðardóttur um einelti sem haldinn var í Akademíunni í Reykjanesbæ.

Bekkjjarfulltrúar Heiðarskóla. Erfiðlega gekk að fá foreldra til að sinna stöðu bekkjarfulltrúa við skólann. Staða bekkjarfulltrúa á þessu skólaári er ein sú versta í mörg ár. Einungis voru örfáir bekkjarfulltrúar í fyrsta til fimmta bekk skráðir.

Heiðarleikar/sumarhátíð Heiðarskóla. Sumarhátíð Heiðarskóla var með breyttu sniði í fyrsta sinn á síðasta skólaári. Sumarhátíðin var sameinuð Heiðarleikum Heiðarskóla og tókst bara ágætlega svona í fyrsta skiptið. Að Heiðarleikum loknum bauð foreldrafélagið öllum börnum skólans, foreldrum og forráðamönnum skólans upp á grillaðar pylsur. Heiðarleikar/sumarhátíð skólans verða með svipuðu sniði í ár.

Skólastjórnendur þau Haraldur og Bryndís funduðu með stjórn FFHS og sögðu áhugaverðu verkefni sem heitir Skáld í skólum, skapandi skrif sem þau hafa áhuga á að taka inn í skólann. Verkefnið kostar 70 þúsund krónur. Einnig sagði Bryndís frá verkefni sem þau hafa áhuga á koma inn í skólann fyrir foreldra barna í skólanum um lesblindu. Stjórn FFHS leist vel á þetta verkefni og ætlar Bryndís að kanna þetta frekar og hugsanlega leita til stjórnar um frekari aðkomu.

Formaður FFHS sagði frá formannafundi foreldrafélaganna á vegum FFGÍR sem haldinn var í Fjölskyldusetrinu þann 29. september. Þar var rætt um fyrirlestur sem

halda á í Stapanum þann 3. október um heilsueflandi samfélag, líðan ungs fólks, foreldrasáttmálann og læsisáttmálann, tilboð á buffi til barna – buffið merkt og í lit hvers skóla og svo fyrirlestur Vöndu Sigurðardóttur um einelti fyrir alla foreldra barna í grunnskólum í Reykjanesbæ.

Jólafondur foreldrafélagsins var haldið fimmtudaginn 24. nóvember milli kl. 17:00 – 19:00 og tókst það vel til að mati stjórnarmanna. Mæting var mjög góð, fullur salur og þurftu stjórnarmenn að bæta við þó nokkrum borðum. Ekki var að sjá annað en að börn og foreldrar hafi skemmt sér vel og átt góðar stundir saman. Boðið var upp á málningu á jólatrédóti og laufabrauðsgerð. Jólafondrið er fastur liður í starfi stjórnar foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið hefur í gegnum tíðina styrkt starf skólans og nemenda til muna og var engin breyting á því í ár. Foreldrafélagið keypti blóm vegna hátíðarkvöldverðar /árshátíðar nemenda skólans, vegna skólaferðalags 10. bekkjar, fyrirlestur Vöndu Sigurðardóttur um einelti, skáld í skólum, fimmti bekkur í heimsókn í Orkuver jörð, fjórði bekkur fræðasafnið svo eitthvað sé nefnt. Styrkir til nemenda skólans hafa verið um árabil og verða um ókomna framtíð ef fjárhagur og aðstæður leyfa.

Foreldrafélag Heiðarskóla sendi frá sér leiðréttingu til bæjarráðs og foreldra barna í Heiðarskóla og Heiðarseli vegna misskilnings sem var á milli fulltrúa foreldrafélags Heiðarskóla og foreldrafélags Heiðarsels. Fulltrúi foreldrafélags Heiðarsels hefur símsamband við formann FFHS og segir að foreldrafélag Heiðarsels ætli að lýsa yfir stuðningi við Reykjanesbæ varðandi síendurtekinnar mengunar í Sameinuðu kísilveri Sílikions í Helguvík. Fulltrúi Heiðarsels spyr hvort FFHS sýni þeim stuðning í verki. Formanni leist vel á þessa hugmynd en vildi fá að sjá yfirlýsinguna og einnig að bera hana undir stjórn FFHS til samþykktar áður en hún yrði birt. Fulltrúi Heiðarsel leit svo á að formaður FFHS hafi samþykkt yfirlýsinguna í símanum án þess að hafa séð hana né fengið tækifæri á að bera hana undir stjórnarmenn FFHS. Yfirlýsingin fór í loftið án samþykkis FFHS. Þess sökum sendi stjórn FFHS frá sér leiðréttingu til bæjarráðs og á alla foreldra barna í Heiðarskóla og Heiðarsels sem hljóðar svo:

Reykjanesbær, 29. mars 2017.

Í kjölfar orðsendingar sem send var foreldrum nemenda Heiðarskóla í gær, vegna mengunar frá kísilveri Sameinaðs Sílikons hf., vill formaður foreldrafélags Heiðarskóla taka eftirfarandi fram. Fyrir misskilning milli aðila var orðsendingin ekki borin undir alla meðlimi stjórnar, og því rétt að geta þess að ekki er einhugur um málið innan hennar. Formaður og stjórn harma þennan misskilning og biðjast velvirðingar hér með. F.h. stjórnar foreldrafélags Heiðarskóla,

Kristján Freyr Geirsson, formaður.

Hátíðarkvöldverður 10. bekkinga og kennara skólans var haldinn fimmtudaginn 17. apríl síðastliðinn eins og venja hefur verið undanfarin ár. Fulltrúar foreldrafélagsins mættu og afhentu krökkunum rósir í tilefni dagsins. Strákarnir fengu blóm í barminn en stúlkurnar um úlnlið. Nemendur í 10. bekk buðu kennurum til hátíðarkvöldverðar. Krakkarnir mættu þrúðbúin ásamt kennurum og var salur skólans skreyttur í tilefni dagsins. Að hátíðarkvöldverði loknum fóru krakkarnir á árhátíð grunnskólana sem haldin var í Stapanum og að sögn forsvarsmanna hátíðarinnar fór árhátíðin vel fram og voru krakkarnir til fyrirmyndar í alla staði. FFHS vil koma á framfæri sérstöku þakklæti til foreldra þessara krakka sem lögðu framlag sitt til að gera þennan dag eins glæsilegan og hann var og eftirminnilega bæði fyrir kennaranna sjálfa og krakkanna.

Að lokum vill stjórn FFHS þakka skólastjórnendum og starfsfólki skólans kærlega fyrir einstaklega gott og farsælt samstarf á árinu líkt og undanfarin ár.

Takk fyrir góðan aðalfund og gleðilegt sumar.

Fh. Stjórnar Foreldrafélags Heiðarskóla,

Kristján Freyr Geirsson, formaður FFHS.

Með leyfi fundarins fékk formaður svo leyfi til að þakka Eddu og Lóu kærlega fyrir samstarfið en þær hættu í foreldrafélaginu síðastliðið haust.

5. Skýrsla gjaldkera

Magnús Andrédóttir gjaldkeri foreldrafélagsins fór yfir rekstrarreikning 2016-2017.

Umræða var um kostnað og sundurliðun í rekstrarreikningi vegna styrkja. Styrkur vegna 10 bekkjar í rekstrarreikningi var kr. 305.000 og var sýndur í einni fjárhæð en gjaldkeri fór yfir sundurliðun á þeirri fjárhæð sem var þannig að kr. 65.000 var fyrir skólaping, kr. 120.000 fyrir 10 bekkjar ferðalag 2016 og kr. 120.000 vegna 10 bekkjar ferðalags 2017. Farið far yfir að það mætti bæta í rekstrarreikning sundurliðun þessarar fjárhæðar. Í rekstrarreikningi kom svo einnig fram að einnig voru veittir styrkir til 5 bekkjar vegna vorferðalags til Orkuverksins jörð kr 42.000 og vegna 4 bekkjar í Fræðasetrið kr. 10.500 en beiðni um slíkt kom frá deildarstjóra Heiðarskóla.

Rekstrarreikningurinn var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur af öllum með fyrirvara um breytingu á nánari sundurliðun á styrkveitingu kr. 305.000 eins og talið er upp hér að framan.

6. Lagabreytingar á lögum félagsins.

Engar breytingatillögur bárust.

7. Kosning stjórnar og kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn: Stjórn foreldrafélagsins 2016 - 2017 bíður sig fram. Engar aðrar tillögur komu fram um breytingu eða viðbætur í stjórn og var því samþykkt að stjórn foreldrafélagsins yrði áfram óbreytt.

Skoðunarmenn: Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga yrðu Gísli A. Jónasson og Elísabet Björnsdóttir.

8. Önnur mál

Ýmis mál voru rædd á aðalfundinum og voru þau eftirfarandi:

- **Bekkjarfulltrúar**
Umræða um erfiðleika að manna stöður bekkjarfulltrúa. Fólk telur að það sé skemmtanastjórar og vilja því síður taka þetta að sér. Hugmynd um að ná meiri samvinnu við foreldra t.d. með því að kennarar fái greitt fyrir að aðstoða með hugmyndir ofl.
- **Heiðarleikar / sumarhátíð**
Umræður um hvernig til tókst árið 2016 og ánægja er með þetta breytta fyrirkomulag sumarhátíðar að sameina v ið heiðarleikana. Umræða um að fá fleiri foreldra til að aðstoða við sumarhátíð 2017 sem verður 31. maí og aðstoðin yrði t.d. við afgreiðslu pylsnanna. 9 bekkur aðstoðar við andlitsmálningu.
- **Umhverfismál skólans - foreldrar komu með fyrirspurn hvort foreldrafélagið gæti aðstoðað við umhverfismálastefnu skólans er varðar rusl barnanna en til dæmis þá þarf yngsta stig að fara með allt rusl heim. Tillaga um að foreldrafélagið kæmi að þessu máli t.d. með kaup átunnum eða annarri lausn. Mikilvægt sé að hafa foreldra með í stórum breytingum skólans sem þessum. Allir á fundinum studdu þessa tillögu.**
- Rætt var um að körfuboltavöllur væri að koma við skólann en það mál hefur verið í vinnslu í töluverðan tíma en er nú höfn.
- Fundargestir voru beðnir um að dreifa boðskap um hreyfivíkuna.
- **Umræður um vorferðalög**
Umræða var um vorferðalög skólans og óánægju barnanna með þessar ferðir þar sem þær væru oftast innanbæjar til dæmis á bókasafnið eða Íþróttakademíuna. En þetta eru staðir sem flest börnin færu alla jafna reglulega á og sumir sem jafnvel æfa í akademíunni.
Spurning hvort hægt sé að athuga með að samræma eða hafa meiri umræður og skipulag vegna ferðanna. Fyrirkomulagið nú sé orðið mjög dapurt. Til dæmis

skipulagt árlega hvað hver árgangur gerir eða fer og halda því fyrirkomulagi í einhver ár.

- Í lokin lét formaður auk annarra aðila í stjórn í ljós mikla ánægju með mætingu en 12 aðilar mættu auk stjórnar sem er töluverð aukning frá fyrri árum.

Aðalfundi var slitið kl 21:00.